

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Fjarðabyggð.

Deiliskipulag íbúðarsvæðisins Bakkar 2.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á 389. fundi sínum 16. desember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðisins Bakkar 2.

Með breytingunni er skipulagssvæðið stækkað og lóð við Sæbakka 28 bætt inn á deiliskipulagið. Einnig er gert ráð fyrir að göngustígur liggi áfram meðfram byggðinni. Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Fjarðabyggðar, 27. desember 2024,

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 13. janúar 2025